

REGLUGERÐ

um tryggingu Lánaþjóðs sveitarfélaga ohf. í tekjum sveitarfélags.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um veð sem sveitarfélag veitir Lánaþjóði sveitarfélaga ohf. í tekjum sínum, samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sem tryggingu fyrir lánum sem það tekur hjá lánaþjóðnum og fyrir ábyrgðum sem sveitarfélag veitir vegna fyrtækis eða stofnunar í sinni eigu eða í sameign með öðrum opinberum aðilum.

2. gr.

Tegundir veðs.

Sveitarfélag getur veitt Lánaþjóði sveitarfélaga ohf. veð í útsvarstekjum sínum og framlögum til sveitarfélagsins úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga í eftirtoldum tilvikum:

1. Vegna lána sem sveitarfélagið tekur sjálft, sbr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga.
2. Vegna einfaldrar ábyrgðar sem sveitarfélag gengst í vegna lántoku félags eða stofnunar, sbr. 1. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga.
3. Vegna einfaldrar ábyrgðar sem sveitarfélag gengst í vegna lántoku félags eða stofnunar sem sveitarfélagið á og rekur í samvinnu við önnur sveitarfélög eða aðra opinbera aðila, sbr. 2. mgr. 69. gr. sveitarstjórnarlaga.
4. Vegna einfaldrar ábyrgðar sem sveitarfélag hefur samþykkt sérstaklega vegna lántoku byggðasamlags sem sveitarfélagið á aðild að, sbr. 8. mgr. 94. gr. sveitarstjórnarlaga.

3. gr.

Form veðyfirlýsingar.

Til að veðyfirlýsing sé gild skal hún samþykkt af sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags á sveitarstjórnarfundi og uppfylla önnur skilyrði sem sett eru í lögum. Í sumarleyfi sveitarstjórnar getur byggðarráð með sama hætti samþykkt veðyfirlýsingu með endanlegum hætti.

Veðyfirlýsingar skal sérstaklega getið í skuldarviðurkenningu eða ábyrgðaryfirlýsingu og skal sveitarstjórn eða sá sem undirritar skjalið í umboði hennar staðfesta hana með undirritun sinni.

4. gr.

Vanskil sveitarfélags.

Komi til þess að sveitarfélag lendi í vanskilum við lánaþjóðinn með lán sem falla undir 1. tölul. 2. gr. eða sveitarfélag sé krafíð um greiðslu vegna ábyrgðar sem það hefur veitt lánaþjóðnum vegna lántoku stofnunar, félags eða byggðasamlags, sbr. 2., 3. eða 4. tölul. 2. gr. og greiðsluskyldu hefur ekki verið sinnt, sendir lánaþjóðurinn um það tilkynningu, fyrst til sveitarstjóra og því næst til sveitarstjórnar með upplýsingum um þær fjárhæðir sem í vanskilum eru. Slík tilkynning er send til sveitarstjóra 30 dögum eftir gjalddaga og svo til sveitarstjórnar 45 dögum eftir gjalddaga. Lánaþjóðurinn getur sent innanríkisráðuneytinu tilkynningu með upplýsingum um þær fjárhæðir sem í vanskilum eru, 60 dögum eftir gjalddaga. Afrit af tilkynningu til innanríkisráðuneytisins skal senda til sveitarstjórnar.

5. gr.

Innheimta vanskila.

Ef veðyfirlýsing uppfyllir skilyrði laga eða ef sveitarfélag er í vanskilum og Lánaþjóður sveitarfélaga ohf. hefur sent um það tilkynningu til innanríkisráðuneytisins skv. 4. gr., skal innanríkisráðherra án tafar veita lánaþjóðnum heimild til að ganga að veðinu. Getur lánaþjóðurinn þá sent kröfu um greiðslu vanskilanna til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna framlaga úr honum eða Fjársýslu ríkisins vegna útsvarstekna. Ef það er nægilegt að mati lánaþjóðsins skal hann takmarka kröfuna við framlög til sveitarfélags úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga.

Nr. 835

26. september 2012

Kröfur skv. 1. mgr. skulu greiddar beint til láanasjóðsins af framlögum til sveitarfélaga eftir því sem þau koma til greiðslu úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga og innheimtum útsvarstekjum eftir því sem þær koma til greiðslu hjá Fjársýslu ríkisins.

6. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 123/2006 um tryggingar Láanasjóðs sveitarfélaga í tekjum sveitarfélags.

Innanríkisráðuneytinu, 26. september 2012.

Ögmundur Jónasson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

B-deild – Útgáfud.: 15. október 2012